

6. stjórnarfundur í stjórnartíð Vesturlands og Vestfjarða í Skógfræðingafélaginu.

Haldinn í síma 24.02.2014 kl.13:00

Mættir stjórnarmenn eru Lilja, Valdimar og Sighvatur. Varamaður, Bergsveinn Þórsson var boðaður en hafði ekki tók á að mæta.

1. Rætt um dagskrá aðalfundar sem verður hefðbundin samkvæmt lögum félagsins. Ákveðið að hafa umræðu um Gunnarssjóð og reglur hans á dagskrá undir önnur mál ásamt tillögu stjórnar um stofnun orðanefndar félagsins. Einnig verði rifjuð upp þau merki sem kynnt voru á aðalfundi 2010 og hvatt til að nýtt merki verði fundið fyrir félagið ásamt skammstöfun á nafni þess. Einnig verði gert ráð fyrir tillögum til fundarins undir önnur mál.
2. Valdimar sér um að panta sal og veitingar fyrir aðalfundinn á Selfossi.
3. Rætt um gildistöku náttúruverndarlaga eða frestun þeirra. Formaður sagði frá samskiptum milli forsvarsmanna skógargeirans varðandi þær hræringar sem eiga sér stað á Alþingi þessa dagana um lögin, frestun þeirra og möguleika skógargeirans til að hafa áhrif á þær breytingar.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið kl. 13.50.

Fundargerð ritaði Lilja Magnúsdóttir.